

07.02.2014 / SI/ÞB

**FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM
HÚSALEIGUBÆTUR NR. 138/1997, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM
(NÁMSMENN). 237. MÁL, ÞINGSKJAL 266**

ATHUGASEMDIR

Þingmennirnir Bjarkey Gunnarsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir og Valgerður Gunnarsdóttir hafa lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur. Hér fylgja nokkrar athugasemdir við það frumvarp.

1. Athugasemdir við efni frumvarpsins.

Við undirrituð fögnum þessu frumvarpi og teljum þá breytingu sem það kveður á um nauðsynlegt skref í þá átt að jafnræði þegna þessa lands óháð búsetu sé tryggt. Við leggjum áherslu á að það sé réttlætismál að þær aðstæður sem liggja til þess að nemandi þarf að hafa aðsetur á heimavist séu metnar og greiðslu húsaleigubóta hagað eftir því mati fremur en að einblínt sé á í hvaða sveitarfélagi lögheimili nemandans er, án tillits til aðstæðna að öðru leyti.

Við hvetjum eindregið til að þessi lagabreyting verði samþykkt sem fyrst og að hún gildi aftur fyrir sig frá og með næstu áramótum áður en hún verður að lögum.

2. Athugasemdir við greinargerð um frumvarpið.

Áður nefnt frumvarp var sent út til umsagnar síðla árs 2013. Fimm umsagnir bárust, þar á meðal frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem taldi frumvarpið ekki tímabært þar sem breytingar á borð við þær sem þar voru lagðar til ættu að eiga sér stað samfara almennum aðgerðum í húsnæðismálum. Við undrumst þessa afstöðu sambandsins sem við hefðum fyrirfram talið að vildi gæta hagsmuna íbúa í hinum dreifðu byggðum landsins, jafnt sem öðrum. Reyndar fáum við ekki betur séð en það fyrirkomulag sem frumvarpinu er ætlað að lagfæra sé skýlaust brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og úrbætur á því ættu þar með að vera sambandinu, sem og löggjafanum og öðrum yfirvöldum samfélagsins, jafnmikið kappsmál og okkur.

Þeir nemendur sem þessi breyting kemur til með að gagnast mest búa flestir á þeim sveitabæjum eða smærri þéttbýlisstöðum sem liggja einna fjærst starfandi framhaldsskólum. M.ö.o. í þeim jaðarbyggðum sem standa hvað höllustum fæti í byggðamynstri landsins. Greinargerðin rekur ágætlega það óhagræði sem þessir nemendur búa nú við og hversu óréttlátt núverandi fyrirkomulag er gagnvart þeim.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Bergsson og Soffía Ingvarsdóttir, Unaósi